



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvað gerir samfélagsgreinakennarinn?

Ari Lár Valsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Júní 2024

DEILD FAGGREINAKENNSLU

Hvað gerir samfélagsgreinakennarinn

Ari Lár Valsson

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar.

Leiðbeinandi: Róbert Jack, Dósent

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2024

Hvað gerir samfélagsgreinakennarinn
Hvernig starfa samfélagsgreinakennarar

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs
í grunnskólakennslu með áherslu á samfélagsgreinar við Deild
faggreinakenndu
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2024 Ari Lár Valsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Í verkefni þessu er fylgst með þremur samfélagsgreinakennurum til að varpa ljósi á hvernig kennsluaðferðir og námsmat er nýtt í samfélagsgreinakennslu, það mætti jafnvel segja að spurt hafi verið „hvað gerir samfélagsgreinakennari?“. Til hliðsjónar er farið yfir þróun samfélagsgreinakennslu í gegn um aðalnámskrár og áhrif hennar á áherslur samfélagsgreinakennara. Einnig var rýnt í hvort einhver áhrif fræðimanna á borð við Tyler og Stenhouse væru sýnileg í kennslu í dag þar má nefna sem dæmi um hvort hæfniviðmið væru fyrirfram sett eður ei. Þegar fylgst var með samfélagsgreinakennurum þá voru heimsóttir þrír mismunandi skólar þar sem þessir kennarar störfuðu. Fylgst var með störfum þeirra og samskiptum við nemendur. Niðurstöður sýna að mismunandi aðstæður skólanna og mismunandi bakgrunnur kennara hafa mikil áhrif á áherslur kennslunnar. Kennsluaðferðir eru að mestu í samræmi við ráðlagðar aðferðir aðalnámskrár þótt fjölbreytni sé til staðar. Námsmat er mismunandi eftir aðstæðum en áherslur hvers samfélagsgreinakennara er stór þáttur í þeim mismun sem var til staðar á milli kennara.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
1.1 Markmið og aðferðir rannsóknar.....	6
1.2 Aðferðarfræði	6
1.3 Viðfangsefnið	7
2 Fræðileg þekking	9
2.1 Aðalnámskrá	9
2.2 Kennsluhættir	13
3 Vettvangsheimsóknir	15
3.1 Skóli 1	15
3.1.1 Skóli 1: uppsetning og skipulag stofu	15
3.1.2 Skóli 1: Kennslustundirnar	16
3.1.3 Skóli 1: viðtal við kennara	17
3.1.4 Skóli 1: samantekt um skóla 1	18
3.2 Skóli 2	19
3.2.1 Skóli 2: uppsetning og skipulag stofu	19
3.2.2 Skóli 2: Kennslustundirnar	19
3.2.3 Skóli 2: viðtal við kennara	21
3.2.4 Skóli 2: samantekt um skóla 2	22
3.3 Skóli 3	22
3.3.1 Skóli 3: Uppsetning og skipulag stofu.....	22
3.3.2 Skóli 3: Kennslustundirnar	23
3.3.3 Skóli 3: viðtal við kennara	25
3.3.4 Skóli 3: samantekt um skóla 3	26
4 Samantekt	27
4.1 Umræða.....	28
5 Lokaorð	30
Heimildaskrá	31

Formáli

Nám mitt hófst á því að stökkva í djúpu laugina með takmarkaða þekkingu á starfi grunnskólakennarans nema mína eigin reynslu sem nemandi. Eftir fyrsta vettvangsnámið þá réði ég mig í starf sem umsjónarkennari í mínum gamla grunnskóla. Mín reynsla sem grunnskólakennari samhliða náminu síðustu þrjú ár hafa leitt til þess að ég byggji starf mitt á eigin forþekkingu með aðstoð frá þekkingarmiklu samstarfsfólki og útgefnum bókum menntamálastofnunnar. Því tel ég mikilvægt að leita lengra til að auka þekkingu mína og auka hæfni mína sem kennara. Sú leið sem ég tel að henti best er að hitta aðra kennara sem starfa á mínu kjörsviði, fylgjast með þeirra starfi ásamt því að spyrja þá spurninga til að auka þekkingu mína enn frekar. Það er vert að taka fram að vera í fullu námi og vinnu setur gífurlegt álag á persónulegt líf einstaklinga. Langar mig því að þakka fjölskyldu minni fyrir óheyrrilegan stuðning og hvatningu á erfiðum stundum.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur) Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni/xx.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Samfélagsgreinakennsla í grunnskólum hefur tekið á sig fjölmargar myndir frá því að ríkið hóf útgáfu námskrár. Fyrsta námskráin kom út 1929 og var byggð á fræðslulögum frá 1926.

Kennslugreinin samfélagsgreinar var ekki tiltekið í henni en þær kennslugreinar sem voru útlistaðar sem myndu falla undir samfélagsgreinar eru: kristin fræði, átthagafræði, landafræði og saga (Ólafur Rastrick, 2008). Í núverandi kennsluháttum þá eru samfélagsgreinar samansafn af ýmsum greinum svo sem sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði, listinn er þó ekki tæmandi því greinarnar eru ekki aðskildar og er undir hverjum og einum kennara komið hvort hann fari inn á svið annarra fræða innan félags, mann og hugarvísinda. (aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

1.1 Markmið og aðferðir rannsókna

Markmið rannsóknarinnar er að skoða störf samfélagsgreinakennara á vettvangi til að bera saman kennsluhætti þeirra og notkun námsefnis til að dýpka skilning á kennslu greinarinnar. Einnig er tækifæri að sjá hvernig kennarar nýta sér aðalnámskrá í uppbyggingu kennslunnar. Með áhorfi og viðtali í kjölfarið er hægt að kafa dýpra í hugarheim fagaðila. Til að ná markmiðum rannsóknarinnar þá fór ég í vettvangsrannsóknir hjá þremur faggreinakennurum í samfélagsgreinakennslu á unglingsstigi, ég fylgdist með kennslu hjá þeim í einn dag og átti svo samtali við þá stuttu seinna með fyrir fram ákveðnu viðfangsefni líkt og hvernig námið væri uppbyggt, hvernig aðalnámskrá nýtist í starfi þeirra, hvernig þeirra upplifun er af aðalnámskránni, hvernig námsmat færir fram, hverjar helstu áskoranir eru í starfi þeirra, hver bakgrunnur þeirra væri fyrir kennslustörf ásamt svigrúmi fyrir tíma þar sem önnur umræða gat átt sér stað.

Rannsóknarspurningin er því eftirfarandi: Hvað gerir samfélagsgreinakennari og hvernig starfa þeir?

1.2 Aðferðarfræði

Rannsóknin fór þannig fram að ég horfði á kennslustundir kennarana þar sem ég fylgdist með efnisvalinu, þeim bókum sem voru notuð og hjálpargögnum. Einnig fylgdist ég með hvernig samskipti voru við nemendur og hvort ytri aðstæður höfðu áhrif samskiptin á líkt og stofu uppsetning. Eftir að áhorfsdegi lauk þá átti ég umræðustund með kennaranum sem varði á

milli hálf tíma og klukkutíma þar sem við ræddum ýmis málefni um kennsluna. Þær spurningar sem ég nýtti mér viðtalinu voru m.a. og er listinn ekki tæmandi.

1. Að hvaða leyti nýturðu aðalnámskrá í starfi þínu.
2. Hver eru þínar skoðanir á hæfniviðmiðum í námskránni
3. Hvernig námsmatsaðferðir notarðu við mat á nemendum
4. Hvað myndirðu segja að vegi meira í mati: próf eða huglægt mat og það um að rökstyðja skoðunina.
5. Eru samfélagsgreinar samþáttaðar í náminu eða kennirðu hverja grein sér (þessi var notuð til þeirra sem kenndu fleiri en eina greina).
6. Nýtirðu eitthvað námsefni annað en það sem er gefið út af menntamálastofnun.

Ástæður fyrir því að ég taldi að þessi aðferð var hentugust því þarna fékk ég upplifun og skoðanir beint í æð ef þannig mætti að orði komast. Með því að svara spurningarlista beinum á blaði og fá svörin sent þá er jafnvel búið að gefa sér tíma til að velja orðin. Með viðtali þá tel ég mig fá raunhæfari og óhefluð svör. Áhorfið með kennslustundum er þá minn stuðningur í að meta raunhæfi upplýsinga.

Ég skrifaði hjá mér alla helstu punkta sem ég sá í áhorfi og líka úr viðtalinu. Með því var ég komin með gögn sem ég gat greint til að sjá hvað það var sem samsvaraði mest efni rannsóknarinnar og var í samhengi við hvort annað. Líkt og greining á námsefni og námsgögnum sem væru nýtt. Hvernig námsmatsverkefni voru sýnileg og krakkarnir fóru í o.s.frv.

Einn helsta leiðin til að auka réttmæti rannsóknarinnar væri lengra áhorf og viðtal við nemendur. Ég tel að 1 dagur í áhorfi sé ekki nægilegur til að fá allar þær upplýsingar sem hafa áhrif á niðurstöður. Auk þess sem þyrfti að gera ráð fyrir fleiri þáttum á borð við upplifun nemenda. Einnig þyrfti einnig að hafa fleiri tölulegar upplýsingar á borð við mælingu á notkun kennsluhætta og kennsluaðferða.

Þó tel ég að meginatriði á því sem ég ætlaði mér að kæmi fram í rannsókninni væru skýr og greinileg. Stærstu þættirnir sem eru til skoðanir eru áhorf og viðtöl við kennara og því tel ég að rannsóknaraðferðin í heild sé ásættanleg þó einhverjir annmarkar séu til staðar.

1.3 Viðfangsefnið

Í starfi mínu sem leiðbeinandi með umsjónarkennslu síðustu þrjú ár hef ég upplifað töluverða óvissu þegar kemur að efnisvali og aðferðum til kennslu þess efnis sem tekið er fyrir. Samfélagsgreinakennsla er því ekki undanskilin og oft flóknara og erfiðara að nálgast það viðfangsefni. Ég hef byggt kennsluna á því sem aðrir kennarar á undan mér höfðu gert og

nýtt mér það námsefni sem skólinn átti áður og hefur verið útgefið af menntamálastofnun. Sumt námsefni er orðið barn síns tíma í ljósi margra samfélagsbreytinga sem hafa átt sér stað á síðustu árum og áratugum. Þar má nefna sem dæmi Metoo byltinguna, black lives matter og trúarbragða umræðu. Með vettvangsheimsóknum þá gefst mögulega tækifæri á að auka þekkingu mína og afla mér fleiri aðferða í kennslufræði sem myndi nýtast mér í minni eigin kennslu.

Þegar til kom að velja skóla til að fara á vettvang var ekki um auðan garð að gresja. Samfélagsgreinakenntla hefur oft á tíðum verið í höndum umsjónarkennara og því ekki í faggreinakenntlu. Val mitt á þeim skólum og kennurum var því bundið við þá skóla sem buðu upp á samfélagsgreinakenntlu með faggreinakenntara.

2 Fræðileg þekking

Í þessum hluta verður farið yfir þróun samfélagsgreinakennslu með samanburði á þeim aðalnámskrám sem hafa verið gefin út af yfirvöldum ásamt þeim kennsluaðferðum sem eru nýttar. Þróun aðalnámskrá hefur verið á þann veg að ákveðinn kjarni heldur sér og einungis orðalag er breytt, helstu breytingar eru að greinar hafa verið sameinaðar undir einn hatt. Einnig verður farið yfir þá hugmyndafræði sem hefur haft áhrif á kennslufræði og birtingarmynd þeirra í kennslu.

2.1 Aðalnámskrá

Fyrsta námskrá barnaskóla var gefin út 1929 og hefur hún verið uppfærð nokkrum sinnum síðan og var gefin út fyrst sem aðalnámskrá árið 1960 byggt á lögum um fræðslu barna nr. 34/1946 (Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskuldaldri 1960), líkt og frá 1929 þá var kennslugreinin samfélagsgreinar ekki í notkun heldur hlutar sem runnu undir hatt samfélagsgreina seinna meir. Fræðigreinararnar í aðalnámskránni voru áttahagafræði, Kristin fræði, landafræði, saga og félagsfræði svo komu næstu aðalnámskrár árin 1976, 1989, 1999, 2006/7 og svo núverandi aðalnámskrá 2011/13.

Heildarfjöldi þeirra kennslustunda á viku sem þessar greinar fengu í námskránni frá 1960 voru 44 tímar þvert á öll aldursstig, en til samanburðar þá var áætlað að heildarkennslufjöldi per viku yfir öll aldursstig væri að lágmarki 219 tímar á viku, miðað við þessar upplýsingar þá má gera ráð fyrir að samfélagsgreinar fengu 20,1 % af heildarkennslustundum í barnaskóla. Það skal þó tekið fram að þetta er ætlaður tími og var miðaður við fullskipaða deild eða um 30 nemendur, því var heimilt að hagræða kennslustundum eftir aðstæðum en reynt að hafa sem næst þeim kennslustundum sem ætlað var hverju aldursstigi (Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskuldaldri 1960).

Aðalnámskráin frá 1960 var ætluð sem leiðbeinandi verkfæri fyrir kennara og stjórnendur um hvaða námsefni væri hægt að nýta og kennsluhætti en þó með þeim fyrirvara að breytilegar aðstæður hverju sinni geta breytt námsefni og kennsluháttum. Námskránni er skipt eftir fögum, innan faganna er aldursskipting og innan aldursskiptingunni er efnisskipting. Athygli vekur að áttahagafræði er ætlað sem grunnur fyrir önnur fög fyrstu þrjú námsárin og virðist vera hálfgerð lífsleikni þar sem efnið er allt frá til dæmis hvernig mismunandi klæðnaður hentar mismunandi árstíðum og mikilvægi háttvísi allt upp í að geta sungið saman. Hvergi er minnst á lesbækur heldur meira munir sem hægt er að vinna með í

umræðum í áttthagafræði. Í öðrum faggreinum er talað um mikilvægi bóka sem innihalda ákveðið efni án þess að fara út í hvaða bækur er best að nota og er kennurum frjálst að velja bækur eftir hentisemi eða sem dæmi um sögukennslu „Æskilegt væri að um tvær kennslubækur væri að velja eða eina kennslubók sem væri þannig úr garði gerð að hægt væri að velja úr henni hentugt námsefni, bæði námsefni sem er aðgengilegt fyrir nemendur sem seinfærir eru í námi, og námsefni sem hentar nemendum sem hyggja á bóklegt framhaldsnám að skyldunámi loknu“. Fyrir hvert aldurstig þá er tekið fram hvaða sögutímabil sé æskilegt að kenna nemendum.

Aðalnámskráin frá 1976 byggð á skólalögum frá 1974 var gjörbylting á námskránni frá 1960 þar sem mun ýtarlegra var farið í nálgun á nemendum, hvernig námsaðstæður væru hentugastar meðal annars með myndum af hentugum stofu uppsetningum, hvernig námsgögn væri best að hagnýta og ólíkt aðalnámskránni frá 1960 þá var farið í hvernig námsmati ætti að vera háttað. Aðalnámskráin frá 1976 er byggð á hugmyndum manna á borð við John Dewey og Jean Piaget en stefnan sem hefur verið byggð meðal annars á störfum þeirra hefur verið kallað framsækin kennslufræði. Aðalnámskráin var gefin út í tíu mismunandi ritum, Almennum hluta og svo í níu mismunandi námsgreinum. Ólíkt með fyrri námskrá þá voru samfélagsgreinarnar gefnar út saman undir heitinu samfélagsfræði fyrir utan Kristinfræði sem fékk sinn eigin greinaflokk. Einn aðaldrifkraftur þessara breytinga var Wolfgang Edelstein ráðgjafi menntamálaráðherra (Ingvar Sigurgeirsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011)

Í greinarheftunum þá er tilgreint markmið námsins fyrir hvert aldurstig, námsefni er tilgreint með rökstuðningi fyrir vali þess einnig er tilgreint hvaða tímabil ber að kenna hvert námsefni fyrir sig, þó er einungis tekið fram fyrstu fjögur námsárin með fyrirvara um að bæta eigi við námsefni fyrir næstu námsár. Sérkafla er í greinunum um hvernig námsmat eigi að fara fram með samanburði á fyrri matsaðferðum, einnig er sérkafla þar sem talin eru upp námsefni, handbækur og hjálpargögn, Samfélagsfræði var í fyrsta skipti undir einum hatti og því tekið fram að aðferðir og námsefni væru á tilraunastigi. Lagt er upp í námsskránni að vegna örrar breytinga í greinum samfélagsfræði eigi að leggja áherslu að nemendur öðlist færni í að tileinka sér nýja þekkingu og bregðist við nýjum aðstæðum í stað þess að leggja á minnið staðreyndir (Aðalnámskrá grunnskóla 1976). Viðmiðunarstundaskrá er ekki tekin fram í aðalnámskrá en í skólalögum 63/1974 44. grein þá er tekið fram vikulegur kennslutími fyrir hvert aldurstig og þegar litið er til aðalnámskrár frá 1989 sem er byggð á sömu lögum þá er tekið fram að fræðslustjórar, skólustjórar og aðrir senda til menntamálaráðuneytis skipulag

og tímaþörf fyrir kennslu námsgreina fyrir hvern skóla sem yrði því samþykkt, því má vera ljóst að hlutfall námsgreina hefur verið ólíkur milli skóla.

Aðalnámskráin frá 1989 sem er einnig byggð á skólalögum frá 1974 lagði nýjar áherslur á borð með því að vera gefin út sem eitt rit. Samkvæmt kynningu á drögum að aðalnámskránni þá er því þannig lýst að markmið með einu riti sé að gera starf í grunnskóla heildstæðara með því að auðvelda yfirsýn og aukningu tengsla milli námsgreina, einnig er þar lýst að vænta mætti upplýsinga og leiðbeiningarita um kennslufræðilegt efni ásamt öðru (Kynning á drögum að aðalnámskrá grunnskóla. 1988). Kennsluhættir og skipulag var með þessari námskrá skýrara í höndum starfsfólks hverra skóla fyrir sig. Aðalnámskráin tók þó fram að í skólanámskrá skyldi útlista ákveðnum nauðsynlegum atriðum til upplýsinga fyrir foreldra og áhugamanna um skólastörf. Markmið samfélagsfræði var opnara til túlkunar miðað við fyrri aðalnámskrár, viðfangsefnin voru skilgreint en frjáls nálgun kennara var til staðar. Tekið er sérstaklega fram kennsluáðferðir sem henta markmiðum og eru þá helst nefnt leitaraðferðir, vettvangsathuganir, hópvinna og svo framvegis. Námsmat er lýst að erfitt getur verið að meta þessi fræði með skriflegum prófum og nám skyldi metið jafnóðum. Eitt veker athygli að í kafla 17 eru upplistaðir aðrir námsþættir sem falla utan námsgreina en þónokkur hluti þeirra falla innan samfélagsgreinakennslu/lífsleikni í seinni aðalnámskrám, þarna má finna almenn mannréttindi, félagsmál, fíknivarnir, jafnréttisfræðsla og umhverfismennt. Eins og nefnt var í umfjöllun um aðalnámskrá frá 1976 þá er ekki ljóst hvert hlutfall kennslu samfélagsgreina var skv. aðalnámskrá

Aðalnámskráin frá 1999 sem er byggð á skólalögum frá 1995 hafði nokkur áhrif á samfélagsgreinakennslu. Ljóst er að áherslur í aðalnámskrá myndu vera á raungreinar og tungumál en með aukinni kennslu í þeim greinum og kröfu um samþættingu listgreina við önnur fög má vera ljóst að tímar fyrir samfélagsgreinakennslu yrði skorinn niður. Þó var lífsleikni bætt við í aðalnámskrá sem sérgrein en hún hafði ekki fengið formlega úthlutun áður (Enn betri skóli. 1998). Þeir námsþættir sem stóðu utan námsgreina úr fyrri námskrá voru innlimaðir þá í námsgreinina lífsleikni.

Tíminn sem lífsleikni, samfélagsgreinar og kristinfræði fékk úthlutað í viðmiðunarstundaskrá yfir skólagönguna voru 37 tímar af 336 eða um 11% en þó eru 49 tímar í heildina áætlað sem val sem skóli úthlutar sjálfur fyrstu átta bekkina eftir þörfum til að efla ákveðnar námsgreinar eða ná öðrum markmiðum skólans, í 9. Og 10. Bekk fá nemendur að stýra valinu eftir áhugamálum eða fyrirætlunum um framhaldsnám (aðalnámskrá 1999). Það var því möguleiki

á að samfélagsgreinakennsla gæti náð 25,6% af heildarkennslu en nokkuð ljóst er að ólíklegt sé að það hafi gerst miðað við áherslur aðalnámskrár.

Aðalnámskráin breytir því sem áður var að markmið einstakra námsgreina innan samfélagsfræði voru sett fram á sjálfstæðari máta ólíkt þeim suðupotti markmiða samfélagsgreinanna frá eldri námskrám. mismunandi samfélagsgreinar eru skipt niður á mismunandi aldurstig t.d. saga frá 5-9 bekk og þjóðfélagsfræði einungis í 10. bekk.

Markmið aldurstiga eru skipt í þrennt líkt og í aðalnámskrá frá 1989 en fjöldi markmiða sem er tilgreindur er margfalt fleiri og afmörkun markmiðanna er mun meiri en frá eldri námskrá. Dæmi eru nefnd um viðfangsefni í markmiðunum sem er ólíkt fyrri námskrá. Þess má geta að það má greina lítilla áhrif frá Benjamin Bloom í orðalagi markmiðanna, í eldri námskrá þá hófust markmiðin ávallt á “ stefnt skal að því efla kunnáttu og skilning nemenda“ og svo tilgreint t.d. á sögulegum arfi Íslendinga og landsháttum á Íslandi. Í námskránni frá 1999 þá hefur flokkunarkerfi Bloom hefur verið til hliðsjónar miðað við orð eins og að greina, bera saman, hugleiði, meti. (Setberg, e.d.)

Aðalnámskrá frá 2006 með greinarhlutum frá 2007 byggð á skólalögum 2006 er ekki með neinar róttækar breytingar frá fyrri námskrá en segir að áherslur séu á aukinni samþættingu námsgreina. (Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar 2007) Líkt og með fyrri námskrá þá er samfélagsgreinahlutinn byggður á upptalningu á fjölda markmiða sem hægt er að meta og aðrir hlutar virðast vera mjög svipaðir varðandi, námsmat, kennsluhætti og efnisval. Kristinfræði breytist eilítið því meira er fjallað um önnur trúarbrögð og almenn siðfræði en ekki einungis kristilega siðfræði. (Aðalnámskrá grunnskóla: kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði, 2007.)

Viðmiðunarstundaskrá tiltekur fjölda kennslutíma í mínútum í þessari námskrá og er hlutfall lífsleikni, samfélagsgreina, kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði jafnt fyrri námskrá eða 11% (Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti, 2006)

Aðalnámskráin frá 2011 með greinarhlutum frá 2013 setur trúarbragðafræði, lífsleikni undir sama hatt með öðrum samfélagsgreinum. Sá tími sem þessar greinar fá úthlutað í viðmiðunarstundaskrá er svipað eða um 11,46%. Ein breyting frá fyrri námskrám er að markmið eru sett fram sem hæfniviðmið með nýjum matskvarða og er hæfniviðmiðum/markmiðum fækkað frá fyrri námskrám. Orðalag þeirra er sett fram undir

áhrifum frá Bloom mörg hver og eru þau mun opnari til túlkunar og virðist sem fjölbreytni í námsmati er það sem er lagt upp með líkt og áður, helsti munur frá fyrri námskrám er að áherslan sé á leiðsagnarmat og meira talað um jafningjamat og sjálfsmat. Kennsluhættir eru settir upp að lagt sé áhersla á að þroska samskiptahæfni, efla lýðræðisleg vinnubrögð og efla skilning á umhverfi sínu og samfélagi. Nefndar eru kennsluaðferðir sem eru hentugar til þessara markmiða en þar á meðal eru nefndar umræðu og spurnaraðferðir, hópvinna og leitaraðferðir ásamt öðrum.

2.2 Kennsluhættir

Þegar aðalnámskrár eru bornar saman þá má sjá ákveðinn rauðan þráð í gegn um þær allar varðandi ýmsa þætti þar á meðal mikilvægi þess að aðlaga námsefni fyrir þá sem eru á ólíkum stöðum námslega og þess að kennarar hafi frelsi til að nýta það námsefni sem þeir telja að nýtist sem best. Hlutverk skólanna er því að stuðla að menntun nemendanna með sveigjanleika og reyna að einstaklingsmiða nám eftir fremstu megni. Hver námskrá setti markmið með námi hvernar námsgreinar með töluverðri þróun milli námskráa en stærsta stökkið kom þó á milli námskrána frá 1960 og 1976 þegar allt varð mun ýtarlegra. Það má sjá með yfirferð á námskránni sem kom út árið 1976 að námskráin var stillt upp til að svara fjórum spurningum úr bókinni *Basic Principles of Curriculum and Instruction* eftir Ralph Tyler sem þarf til að móta námskrá og kennsluáætlun en spurningarnar eru svo hljóðandi (Tyler, R.W. 1971.)

1. Hvaða menntamarkmiðum á skólinn að leitast við að ná?
2. Hvaða menntandi reynsla getur orðið til þess að markmiðin náist?
3. Hvernig er hægt að skipuleggja þessa menntandi reynslu með skilvirkum hætti?
4. Hvernig getum við ákvarðað hvort markmiðum hafa náðst?

Aðalnámskrár liggja undir gagnrýni hjá fylgjendum Stenhouse og annarra fræðimanna sem telja að skólastarf eigi ekki að stýrast af fyrirframsettum markmiðum. Atli Harðarson segir í riti sínu tvímælis að til að nemendur meti þess besta frá fræðum og iðngreinum í námi þá þarf að njóta námsins í stað þess að upplifun skóla sé bara að uppfylla markmið í framtíðinni. (Atli Harðarson, 2019). Kennsluhættir og kennsluaðferðir þurfa því að vera fjölbreytt til að ná því takmarki og því er kjörið að skoða mismunandi kennsluhætti og kennsluaðferða mismunandi kennara.

Eftir töluverða leit þá gekk leit að rannsókn með kennsluhætti í samfélagsgreinum ekki vel. Helstu rannsóknir á kennsluháttum hafa verið á öðrum faggreinum á borð við listgreinar,

náttúrufræði, íslensku og stærðfræði. Helsta gagn sem var hægt að leita í sem kom út á þessari öld var rannsóknarskýrslan *starfshættir í grunnskólum* ritstýrt af Gerði G. Óskarsdóttur. Rannsóknarniðurstöður komu út árið 2014 eftir rannsóknir sem stóðu yfir í fimm ár. Þrátt fyrir að ekki var gerður greinarmunur á milli faggreina í notkun kennsluaðferða og kennsluhátta þá má nýta sér niðurstöður rannsóknarinnar til samanburðar hvort álíka jafnvægi sé nýtt. Niðurstöður rannsóknarinnar um kennsluaðferðir sýna að kennaramiðaðar aðferðir á borð við beina kennslu, vinnubókavinnu og sýnikennsla séu lang algengustu aðferðirnar í kennslu, sem eru ekki í samræmi við einstaklingsmiðuðu áherslur aðalnámskránnar. Niðurstöður gefa til kynna að á unglingastigi sé bekkjarkerfi algengara með faggreinakennara sem ber þá einn ábyrgð á sínu fagi. (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014).

Einnig var mér til gagns erlend rannsókn þar sem niðurstöður voru áþekkar rannsókninni *kennsluhættir í grunnskólum*. Rannsókn eftir William B. Russell þar sem hann rannsakar hvernig samfélagsgreinakennarar kenna kjörsvið sitt víðsvegar um Bandaríkin. Niðurstöður þeirrar rannsóknar eru einnig á þann veg að kennsluaðferðir eru kennaramiðaðar sem byggja ekki á sjálfstæðum vinnubrögðum og má benda á að minna en helmingur kennara notfæra sér aðferðir sem styrkja gagnrýna hugsun.

3 Vettvangsheimsóknir

Ég setti mig í samband við þrjá samfélagsgreinakennara sem ég kannaðist við eða hafði heyrt af frá öðrum kennurum, þeir störfuðu allir í mismunandi skólum og voru staðsett í mismunandi bæjarfélögum þ.á.m. Reykjanesbæ og Reykjavík. Að mörgu leyti voru skólarnir sambærilegir þótt einn munur var að einn skólinn sem við köllum skóli 1 var safnskóli á unglíngastigi en í þeim skóla fylgdist ég með nemendum úr þrem árgöngum. Skóli 2 er nýlegur skóli sem hefur nemendur frá fyrsta til tíundar bekkjar og starfaði samfélagsgreinakennarinn einungis á unglíngastigi og fylgdist ég með tímum í áttunda og níunda bekk. Skóli 3 er einnig með nemendur frá fyrsta til tíunda bekkjar en vegna myglu í skólanum sjálfum var skólinn dreifður á nokkrar starfstöðvar sem að sögn samfélagsgreinakennarans hafði áhrif á kennslu. Kennararnir höfðu mismunandi menntun á bak við sig áður en þeir öðluðust kennsluréttindin og sá ég mun á áherslum þeirra í kennslu meðal annars með vali á viðfangsefni og nálgun efnisins. Eftir áhorf spjölluðum við saman um hagnýtingu aðalnámskrár, uppbyggingu kennslunnar, nýtingu kennsluefnis, hvernig námsmat fer fram ásamt því að tala um reynslu þeirra sem kennari í samfélagi.

3.1 Skóli 1

Skóli 1 er stór skóli með fjöldann allan af nemendum og því nokkrir kennarar sem koma að samfélagsgreinakennslunni á einn hátt eða annan. Flestir hverjir kenna aðra grein með samfélagsgreinakennslu en þó var sá kennari sem ég fékk að fylgjast með einungis með samfélagsgreinakennslu.

3.1.1 Skóli 1: uppsetning og skipulag stofu

Stofan var nokkuð rúmgóð og voru 27 borð fyrir nemendur í henni. Uppsetning stofunnar var nokkuð kennaramiðuð þar sem borðum var raðað tvö til þrjú í röð sem sneru að kennaranum. Kennarinn sagði þó að borðaskipulag væri síbreytilegt eftir því hvað væri verið að vinna í hverju sinni. Í stofunni voru hillueiningar sem nýttust undir kennslubækur og verkefni nemenda sem þeir voru að vinna í. Tússtafla var á vegg og hægt var að draga niður fyrir framan hana tjald fyrir skjávarpa sem hékk í loftinu. Önnur tjöld voru líka uppsett sem hægt var að draga niður þ.á.m. hin ýmsu landakort. Fartölva kennarans var hægt að tengja beint við skjávarpa og hljóðkerfi sem var uppsett í stofunni. Upp á veggjum stofunnar voru m.a. unnin verkefni frá nemendum og hugtök úr námsefninu sem kennarinn hafði sett upp. Einn hlutur fannst mér sérkennilegur miðað við mína reynslu af skólum en það var baðherbergi í horni stofunnar. Nemendur unglíngastig skólans höfðu allir fengið úthlutað

Chromebook tölvurnar sem voru í þeirra ábyrgð að passa upp á og koma með í skólann fullhlöðnum.

3.1.2 Skóli 1: Kennslustundirnar

Tímarnir í skóla 1 voru klukkutíma langir í stað hinna hefðbundnu 40 mínútna. Þar sem stundataflan var ekki full hjá kennaranum þennan daginn náði ég einungis 180 mínútum af áhorfi eða einn tíma hjá 8. bekk, einn tíma hjá 9. bekk og einn tíma hjá 10. Bekk.

Fyrsti tíminn var hjá 8. Bekk og var umfjöllunarefnið vindakerfi og veðurfar sem hluti af landafræðikennslu árgangsins. Námsefnið sem kennarinn nýtti sér var meðal annars bókin um víða veröld nýtt eða kaflinn „náttúra, gróður og loftslag“, einnig nýtti kennarinn sér ýmiskonar efni af netinu og öðrum fræðibókum sem kennarinn nýtti við gerð glæra. Við upphaf tímans þá byrjaði kennarinn á umræðu og spurningum í bland þar sem kennarinn fékk fram forþekkingu nemenda á efninu áður en kennarinn kemur með sína innlögn varðandi efnið. Þau lesa efnið í sameiningu en kennarinn nýtir sér hljóðbók til upplestrar á sama tíma og nemendur lesa efnið sjálfir. Eftir lesturinn nýtir kennarinn sér þær glærur sem kennarinn hafði búið til fyrir tímarnar þar sem er fjallað ýtarlegra um helstu efnin, hluti af glærunum eru myndir og myndbönd sem sýna hvernig vindakerfi virka. Kennarinn leyfir nemendum að spyrjast fyrir um efnið og myndast umræða sem ég tel að hefði ekki gerst ef einungis lesefnið hefði verið nýtt, augljóst var að myndefnið sem kennarinn hafði valið ýtti undir áhuga nemendanna. Tímanum lauk með Kahoot með blönduðu efni í bland við námsfnið.

Annar tíminn var ekki hefðbundinn kennslutími en nemendur úr 10. bekk voru í námsmati úr bókinni „Á ferð um samfélagið“ sem er námsfni í þjóðfélagsfræði. Kaflinn sem matið var úr er kaflinn „viðmið og frávik“. Námsmatið var tekið í gegn um Google classroom í þetta skiptið og var 17 spurninga krossapróf. Námsgögn sem voru leyfð voru chromebook tölvan til að taka prófið en þó tekið fram að þau máttu ekki nýta tölvuna í upplýsingaleit. Leyfilegt var þó að útbúa „svindlmiða“ úr blaði að A5 stærð, engar takmarkanir voru settar um hversu miklar upplýsingar væru á blaðinu svo lengi sem það væri handskrifað. Þau fengu að nýta allan tímann í prófið og þegar þau væru búin þá máttu þau fara fyrr úr tíma til að hjálpa til við árshátíðarundirbúning. Áhugavert var að sjá Google classroom nýtt í próf en það hafði ég ekki séð áður.

Þriðji tíminn var einnig óhefðbundinn en meirihluti tímans fór í árshátíðarundirbúning þar

sem bekkurinn var umsjónarbekkur kennarans. Þrátt fyrir að stór hluti fór í annað en kennslu þá tel ég að einmitt þetta umhverfi þar sem nemendur vinna saman að skipulagningu atburðar sem þau bera sjálf ábyrgð á undir leiðsögn kennara er mikilvægur hluti af samfélagsgreinakennslu þar sem samstarf og markmiðasetning er stór partur af vinnunni. Nemendur unnu að stuttum leikþátt sem þeir munu svo sýna öðrum bekkjum skólans á árshátíðardegi. Eftir æfingar þá var farið stutt í námsefni um millistríðsárin og var áherslan í þessum tíma tíminn á milli heimsstyrjaldanna tveggja og þá sérstaklega bannárin og kreppan í Bandaríkjunum sem hafði áhrif víða um heiminn. Kennarinn hafði tekið til myndband sem fjallaði einmitt um efnið og var myndbandið í samræmi við efnið úr námsbókinni „Styrjaldir og kreppa“. Þetta var einmitt síðasti tíminn í þessari námslotu og var verkefnið kynnt lítillega í lokin þar sem næsti tími var tileinkaður matsverkefni úr lotunni. Verkefnið er kynnt sem valverkefni þar sem efnisvalið er á vefsíðu en hver flipi á vefsíðunni inniheldur nánari upplýsingar um hvert verkefni og hvað felst í því en sem dæmi þá var hægt að velja á milli þess að gera veggspjald um samanburð á nasisma og kommúnisma, glærukynningu um októberbyltinguna, útbúa kennslumyndband fyrir sjötta til sjöunda bekk um krefjandi krepputal o.s.frv.

3.1.3 Skóli 1: viðtal við kennara

Kennarinn við skóla 1 fannst mikilvægt að námsmat væri fjölbreytt og myndi helst stikla á öllum helstu tegundum námsmats sem væru til þar á meðal krossapróf, ritgerðarspurningar, sjálfsmat og svo framvegis. Kennaranum fannst mikilvægt að nemendur fái reglulega að hafa áhrif á námsmat meðal annars með valverkefnum og var að lágmarki eitt svoleiðis verkefni fyrir hvert aldurstig. Í aðalnámskrá kemur fram að nemendur eigi að fá tækifæri til að hafa á nám sitt og er þetta viðbótarleið við valgreinar til að veita þeim það tækifæri að mati kennarans. Allar námslotur eru útprentaðar með hæfniviðmiðunum við hverja lotu og eru loturnar sýnilegar á vegg svo nemendur vita að hverju sé stefnt í hverri námslotu. Þessi nálgun er einmitt í anda Tylers sem telur að markmið skólastarfsins eigi að vera skýrt. (Tyler, R.W. 1971.)

Meirihluti hæfniviðmiðanna eru fengin úr aðalnámskrá og einhver þeirra endurorðuð til að henta betur kennslunni. Einhver hæfniviðmið hafa kennararnir búið til sjálf t.d. „geti sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun“ en það hæfniviðmið bjuggu kennararnir til fyrir námslotu sem er samþætting námsgreinanna þriggja: náttúrufræði, samfélagsfræði og dönsku en þau tengja það við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Samþætting námsgreina er einn sá liður sem kemur ítrekað fyrir í aðalnámskrá. Kennarinn telur að hæfniviðmiðin úr aðalnámskránni

séu full huglæg og því krefjandi og flókið að kennarar nái að meta nemendur á sanngjarnan og hnitmiðaðan máta.

Við snertum á umræðu um breytingar á hegðun nemenda og hvort það hafi áhrif á nálgun kennarans á kennslu. Skólafarfið hefur breyst að mati kennarans að því leytinu til að á síðustu árum telur kennarinn sig finna almennt fyrir meiri vanvirðingu af hendi nemenda gagnvart starfsfólki skóla, kennarinn telur sig þurfa að breyta kennslunni reglulega eftir því hvernig nemendahóparnir eru samsettir.

3.1.4 Skóli 1: samantekt um skóla 1

Með áhorfinu sá ég ákveðinn strúktúr þar sem nemendur vita hvað er ætlast til af þeim. Þau tóku virkan þátt í umræðum og það var greinileg virðing borin fyrir kennaranum sem var afar jákvæður og glaðlyndur einstaklingur. Það hefði verið mjög gaman að sjá nemendurnar vinna eitthvað af þeim verkefnum sem voru væntanleg því miðað við samtalið mitt við kennarann og afurðir fyrri verkefna sem voru upp í hillum og veggjum þá er greinilegt að metnaður nemendanna var tölverður og frumlegheit nemendanna í verkefnum var afar sýnilegur

Kennsluáferðir voru í samræmi við aðalnámskrár þar sem oft er notast við leitar og spurnaraðferðir, hópvinna í verkefnum og leitaraðferðum. Námsmat var þó þannig uppsett að hæfniviðmiðin voru oftast en ekki metin í gegnum einhverja afurð frá nemendum hvort sem er próf eða verkefni. Kennarinn nefndi að það væri eitthvað um jafningjamat en það hefði minnkað síðustu misseri og lítið væri um sjálfsmat sem er ekki í samræmi við áherslur síðustu námskrá. En eitt tók ég þó eftir að leiðsagnarmat var í miklu magni og voru verkefni oft þrepaskipt með vörðum. Áður en nemendur fengu að fara yfir í næsta þrep þyrfti kennari að samþykkja fyrra þrep, ef nemendur fengu ekki samþykki þá leiðbeindi kennarinn nemendunum hvað þau gátu gert til að lagfæra verkefni.

Á þessum tíma sem ég var hjá kennaranum þá tók ég eftir því að kennarinn var vel undirbúinn og þekkti námsefnið vel. Það var skýrt að kennarinn hafði sett raunhæft markmið fyrir hverja kennslustund og náði að framfylgja tímaáætlun sinni sem kennarinn hafði skrifað niður í dagbók sína.

3.2 Skóli 2

Skóli 2 er nýlegur hverfissskóli í sínu samfélagi og er heildstæður frá fyrsta til tíunda bekkjar. Í skólanum eru 2 samfélagsgreinakennarar sem kenna samfélagsgreinar frá sjöunda til tíunda bekk, hvor kennari kennir 2 árgöngum. Kennarinn sem ég fylgdist með kennir samfélagsgreinarnar sínar og náttúrufræði í einum árgangi til viðbótar en kennarinn reynir að samþætta áfangana sem mest í þeim árgangi.

3.2.1 Skóli 2: uppsetning og skipulag stofu

Stofan var stærri en flestar stofur sem ég hef séð í öðrum skólum að því leyttinu til að hún var lengri, svipuð breidd en nokkrum metri lengri en nokkur önnur stofa sem ég hef séð á mínum ferli sem bæði námsmaður og starfandi leiðbeinandi. Þrátt fyrir stærð stofunnar voru einungis 23 borð í stofunni sem var stillt upp á kennaramiðaðan hátt að mestu. Borðunum var raðað í stórt „U“ og var því miðsvæði stofunnar autt. Ég gerði ráð fyrir í upphafi að þetta væri fyrir kennarann sem fengi þá athyglina en að sögn kennarans er svæðið nýtt í ýmis samvinnuverkefni. Á einum veggnum voru upp hengdir skápar sem geymdu öll námsgögn ásamt því að nokkrir vaskar voru í skápa innréttingunni, einnig voru frístandandi hillur sem geymdu verkefni sem krakkarnir höfðu unnið í. Tækjabúnaður var samsettur af tölvu kennarans, myndvarpa og litlu hátalarakerfi á borði kennarans. Á endavegg stofunnar voru ýmis veggspjalds verkefni sem nemendur höfðu unnið yfir veturinn. Nemendur unglingsstigs voru með úthlutaða iPad tölvur sem þeir báru ábyrgð á og áttu sjálf að sjá til þess að iPadarnir væru fullhlaðnir fyrir hvern skóladað, undantekningin á þessu var tíundi bekkur en þeir nemendur höfðu Chromebook tölvur til umráða.

3.2.2 Skóli 2: Kennslustundirnar

Kennslustundirnar í þessum skóla voru uppbyggðir á hinn hefðbundinn máta eða um fjórtíu mínútur, áhorfið mitt voru fimm kennslustundir eða um tvö hundruð mínútur. Skiptingin var þannig að ég náði að fylgjast með þremur kennslustundum hjá öðrum 8. Bekknum og tveim kennslustundum hjá öðrum níunda bekknum.

Tímarnir þrjú hjá áttunda bekk voru allir samliggjandi frá frímínútum að hádegismat. Umfjöllunarefnið var um hugtökin þjóð, menning eða mannréttindi. Þegar að áhorfinu kom þá höfðu nemendur lokið yfirferð á námsefni lotunnar og voru að hefja námsmatsverkefni. Verkefnið var þannig uppsett að nemendur áttu að velja eitt hugtak þjóð, menning eða mannréttindi. Að því loknu áttu þau að búa til veggspjald sem útskýrir hugtakið nefndir voru

möguleikar á uppsetningu og virtust sem flestir ákváðu að útbúa hugarkort út frá hugtakinu sem þau völdu sér. Á meðan nemendur unnu ræddi ég við kennarann um hvernig kennarinn nálgast námsefnið og hvernig framsetningu eða kennsluaðferðir kennarinn hefði nýtt sér við kennsluna. Í útskýringum kennarans þá útskýrir kennarinn að námsbókin sem kennarinn nýtti sér helst var bókin „Um víða veröld“, með þeim fyrirvara að nýting námsefnisins væri einungis að hluta til. Í áhorfinu mínu tók ég eftir að nemendahópurinn var fjölmenningslegur og voru samskipti nemanda á ýmsum tungumálum. Einnig við fyrstu sýn þá virtust nokkrir nemendur vera með náms- og hegðunarörðugleika. Í samtali mínu þá staðfesti kennarinn grun minn þar sem kennarinn útskýrir að það er þörf á að nálgast námsbækur á sem aðgengilegasta máta til að viðhalda áhuga nemendanna þar sem tímarnir væru oft fjörugir. Í námsefninu lagði kennarinn áherslu á menningarmun þjóða og lagði minni áherslu á efni sem tengist landslagi og auðlindum. Kennslan hefst með útlistunaraðferð þar sem efni er kynnt og kennari miðlar efninu til nemenda. Umræður hefjast að mestu þegar kemur að verkefnavinnunni og gefur kennarinn sér tíma til að vinna verkefni því þar virðist áhugi nemendanna kvikna en verkefni sem kennarinn setur fyrir er venjulega byggð á leitaraðferðum og ná þau ekki að leysa verkefni einungis út frá kennsluefninu. Kennarinn hefur reynt ýmsar aðferðir og telur kennarinn að þessi virðist henta nemendahópnum best hingað til.

Tímarnir eftir hádegi var hjá níunda Bekk og var einmitt líka nýlukið að fara yfir námsefni þar á meðal námsbókina „Á ferð um samfélagið“. Verkefni til námsmats var kynnt í þessum tíma og er verkefnið þannig sett upp að nemendur eigi að geta sett sig í spor annarra einstaklinga úr öðrum samfélagshópum. Hluti af því sem þau eiga að hafa í huga er efnahagur, menntun og félagslegar aðstæður viðkomandi samfélagshópa. Unnið var í þriggja manna hópum og fengu nemendur að velja úr lista af nokkrum samfélagshópum sem eru ólíkir okkur Íslendingum að mestu leyti. Sem dæmi þá voru á listanum rómanskir sígaunar, Samar í nútímasamfélagi og svo framvegis. Líkt og með fyrri hóp þá var unnið með valið efni úr bók auk þess sem kennarinn hafði útbúið sínar eigin glærुकyningar safnað úr ýmsum heimildum og myndbandsefni sem kennarinn hafði aflað sér á netinu. Líkt og áður þá hófst kennslan með útlistun frá kennara, svöruðu völdum spurningum úr verkefnum sem er að finna í námsbókinni áður en verkefnavinna hófst og þar segir kennarinn að eiginleg umræða hefst þar sem forvitnin kviknar út frá heimildaöflun nemendanna.

3.2.3 Skóli 2: viðtal við kennara

Kennarinn við skóla 2 segist að námsmat sé alltaf í stöðugri þróun hjá sér en eitt er það þó sem kennarinn segist nær aldrei nýta í námsmati hjá sér en það er hin hefðbundnu próf. Að hennar sögn þá telur hún að próf henti illa til að meta hæfni og telur það nær eingöngu mæla þekkingu og upprifjun upplýsinga, því telur hún betra að nálgast námsmat með öðru sniði. Algengasta formið er þá einhver verkefnavinna og þá helst hópvinna þar sem nemendur skila af sér einhverja afurð á borð við módel, glærur, veggspjöld, kynningar, myndbönd, hlaðvörp og kennarinn setur skilyrði að það sé að lágmarki 1 kynning á ári. Hún telur að hópvinna sé nauðsynleg í því umhverfi sem skólinn er fjölmenningarlegur og telur hún þörf á að nemendur kynnast hvor öðrum betur og hugmyndum þeirra. Nemendurnir fá ekki mikið að hafa áhrif á hvernig námsmat verður hverju sinni en kennarinn segist á móti leyfa þeim að hafa áhrif á námið sitt því að kennarinn reynir að staðaldri að leyfa nemendum að velja í hvaða átt námið fer eftir páskana, þá er kennarinn með einhver námsþema sem nemendur fá að velja úr en einnig mega þeir koma með eigin hugmyndir. Hæfniviðmið eru öll fengin úr aðalnámskrá og var það ákvörðun skólustjórnenda að kennarar fengu ekki að aðlaga hæfniviðmið að sínum þörfum. Til að vinna með hæfniviðmiðin þá hefur kennarinn flokkað hæfniviðmiðin eftir námsefnum sem við á og litarkóðar þá hvaða hæfniviðmið passa fyrir hvern árgang og tengir þau þannig við námsefnið. Að sögn kennarans þá telur kennarinn sig eiga í erfiðleikum með hvernig á að meta hæfniviðmiðin þar sem orðalag er háfleygt þeirra, einnig hversu margir þættir eru upptaldir í hverju hæfniviðmiði oft á tíðum, kennarinn telur orðalag hæfniviðmiðanna ekki hæfilegt fyrir börn á grunnskóla aldri og telur þau ekki skilja til hvers er ætlast til af þeim. Vegna orðalag hæfniviðmiðanna þá telur kennarinn sig þurfa að nálgast mat oft á huglægum máta.

Námsumhverfið telur kennarinn vera krefjandi fyrir nemendur þar sem skólinn er í fjölmenningarlegu umhverfi og með eitt hæsta hlutfall nemenda af erlendu bergi brotið á landinu, félagslegi þátturinn getur verið krefjandi þar sem hefðir og venjur skerast töluvert á. Einnig er mikið um það að nemendur komi og fari vegna flutninga sem veldur því að félagslegt umhverfi er krefjandi og því erfitt að halda áhuga fjölda nemanda gagnvart skólanum. Þetta umhverfi litar kennslu kennarans þar sem unnið er mikið með umburðarlyndi, tillitssemi og auðmýkt og þá sérstaklega með áherslu gagnvart fjölmenningu. Hluti af fyrri menntun kennarans áður en kennarinn öðlaðist kennsluréttindi hentar einmitt vel til að fjalla um menningararfleið og sá ég mikinn áhuga af hálfu kennarans í að hjálpa nemendum að aðlagast samfélaginu og veita þeim tækifæri á að kynnast hvorum öðrum.

3.2.4 Skóli 2: samantekt um skóla 2

Áhugavert var að fylgjast með kennslunni því það er greinilegur munur á metnaði á milli árganga. Nemendurnir í öðrum árgangnum sýndu takmarkaða virðingu gagnvart kennara á meðan næsti árgangur tóku virkan þátt í verkefnavinnunni og voru dugleg að spyrja spurninga, það var greinilegt að kennaranum var treyst fyrir fræðslunni af hálfu þeirra nemenda. Upp á veggjum og hillum voru eldri verkefni frá nemendum og var mikill metnaður lagður í hluta þeirra.

Kennsluaðferðir voru að nokkru leyti í samræmi við það sem hefur verið nefnt í aðalnámskránni og eldri útgáfum aðalnámskrá. Helsti munurinn var að kennslustundir hófust alltaf á útlistingu áður en farið var út í leitar og spurnaraðferðir þegar nemendur voru í hópvinnu. Námsmat var allajafna metið í bland við huglægt mat og uppfyllingu fyrir fram ákveðinna skilyrða við hvert verkefni. Sjálfsmat var einstaka sinnum unnið en þó nær aldrei með jafningjamati en það var ákvörðun kennarans þar sem nemendur voru oft ekki hreinskilin í jafningjamati og voru gjörn á að valda leiðindum með óþarfa athugasemdum. Eftir áhorf þá skil ég þá ákvörðun kennarans, að sögn kennarans þá er það verkefni hjá kennaranum og samkennurum að byggja upp lærdómssamfélag sem er byggt á trausti og virðingu. Því má segja að hún gerir sitt besta í að vinna út frá hugmyndum og áætlanum sínum en námsumhverfið veldur því að hún þarf gjarnan að aðlagast aðstæðum sem koma upp skyndilega.

3.3 Skóli 3

Skóli 3 er þrautreyndur skóli í sínu bæjarfélagi og er einsetinn frá fyrsta til tíunda bekkjar. Á unglíngastigi er einungis 1 samfélagsgreinakennari sem kennir samfélagsgreinar frá áttunda til tíunda bekk. Kennarinn kennir þó ekki eingöngu samfélagsgreinar heldur einnig stærðfræði og er með þéttskipaða stundatöflu. Þrátt fyrir að kenna tvær greinar samþættir kennarinn þær ekki en samþættir reglulega samfélagsgreinarnar við önnur fög líkt og ensku sem dæmi.

3.3.1 Skóli 3: Uppsetning og skipulag stofu

Skólinn er búinn að vera starfrækur tímabundið í mismunandi starfstöðvum vegna óviðráðanlegra aðstæðna og eru úrbætur í gangi og er búist við að starfsemi flytjist aftur á sinn upprunalega stað á næstu mánuðum. Stofan sem er kennt í dag er að nær öllu leyti svipað fyrri uppsetningu að undanskyldu að tússtöflur eru á flestum veggjum segir kennarinn í samtali. Stofan er nokkuð stór og rúmast 29 borð fyrir í stofunni án þess að þrengja

óheyrilega mikið að nemendum. Uppsetningin er að borðin eru flest þöruð í þriggja borða einingar sem snúa að töflu og kennara sem er nokkuð kennaramiðað uppsetning. Lítið geymslupláss er í stofunni fyrir gögn, verkefni og öðru sem tengist skólastarfinu og er það að sögn kennarans einungis tímabundið þar sem úrbætur á skólanum eiga að leiða í sér töluverða betrum bætingu á kennslurýmum bæði varðandi tækjabúnað og hagnýtingu rýmis. Tækjabúnaður útvegaður kennara var eingöngu fartölva kennara og skjávarpi. Kennarinn sjálfur er með annan tækjabúnað sem kennarinn kom með sjálfur til að nýta í þessu ástandi. Hluti af þeim tækjabúnaði er nýttur í skólaverkefni sem verður útlistað fyrir neðan. Nemendur unglingastigs fá bæði Ipad og chromebook tölvur til afnota. Áttundi og níundi bekkur nýta Ipad snjalltæki að staðaldri sem þeim er úthlutað, þau nota þó chromebook fartölvur í upplýsingamennt. Nemendur 10. Bekkjar fá úthlutað chromebook tölvur sem þau bera ábyrgð á.

3.3.2 Skóli 3: Kennslustundirnar

Hefðbundnar fjörutíu mínúta kennslustundir eru í skólanum. Ég fylgdist með fimm kennslustundum eða um tvö hundruð mínútur. Áhorfið voru þrjár kennslustundir með áttunda bekk, tvær með öðrum áttunda bekknum og ein kennslustund hjá hinum bekknum. Einnig horfði ég á sitt hvora kennslustundina hjá tíundu bekkjunum í viðkomandi skóla.

Tímarnir voru alltaf síðustu tímarnir á skóladeginum en röð atvika olli því að áhorfið náðist ekki að vera samfleytt yfir heilan dag / daga. Tímarnir hjá áttunda bekk voru sérstaklega áhugaverðir því þar voru ýmsir þættir samfélagsgreina eins og landafræði, þjóðfélagsfræði o.s.frv samþættaðir með upplýsingamennt. Þau voru að vinna í verkefni sem er skipt í tvo hluta annarsvegar ritunarverkefni sem tengist seinni þættinum sem er að búa til samfélag í tölvuleiknum Minecraft. Verkefnið hefst á yfirferð yfir fyrstu blaðsíðurnar úr námsbókinni „Fyrstu samfélög“ en þar er talað um meðal annars um þróun fyrstu samfélagshópanna sem voru safnarar og veiðimenn sem bjuggu í einföldum híbýlum á borð við hella. Fjallað er um þróun mannsins og þróun verkfæra og hagnýtingu auðlinda þar til að við urðum framleiðslusamfélag. Kennarinn nýtir einnig í þessu verkefni bókina um víða veröld en kennarinn nýtir valdar blaðsíður til að fara yfir þætti sem tengist því að stofna samfélag frá grunni til framleiðslusamfélags. Þar er meðal annars talað um veðuráhrif, auðlindir og svo framvegis. Annað námsefni eru vefsíður sem fjalla m.a. um hamfarahlýnun þar sem kennarinn tengir það við áhrif mannsins á jörðina sem afleiðing framleiðslusamfélags en loft mengun og yfirborðsmengun frá rusli helst saman í hendur við neikvæð áhrif mannsins á jörðina. Síðasta námsefnið sem kennarinn nýtir að stóra hluta til eru skólareglur skólans, þar

sem talað er um samfélagsreglur og virðingu gagnvart jafningjum, það efni er í tengslum við að nemendur þurfa sjálfir að útbúa samfélagsreglur innan tölvuleiksins. Kennarinn nýtir sjálfur sína eigin borðtölvu sem kennarinn nýtir í kennsluna en tölvun gegnir því hlutverki að vera netþjónn sem keyrir tölvuleikinn en að fenginni reynslu þá nær vinnufartölvun ekki að ráða við að tæplega 30 einstaklingar séu að tengjast Minecraft heiminum og vinna í honum í einu. Kennarinn er búin að útbúa heiminn frá grunni og takmarka ákveðnar auðlindir í heiminum svo að það verði skortur ef þau passa sig ekki á að ofveiða ekki eða höggva við í óhófi. Í verkefninu eru tíu hæfniviðmið metin þar af átta úr ritunarhlutanum og tvö sem tengjast leiknum sjálfum en þau eru metin með sjálfs og jafningjamati. Kennslan hefst því á útlistunarkennslu í bland við umræðukennslu en kennarinn segir sjálfur að umræðan sé meiri en útlistunin, í kjölfarið má segja að minecraft verkefnið gæti flokkast undir sameiningu ýmissa kennsluaðferða til að mynda hópavinnu því samfélag virkar ekki án samstarfs, þrautalausnir þar sem aðstæður krefjast töluverðrar rökhugsunar og innsæi í aðstæðurnar svo að verkefnið endi með farsælu samfélagi, skapandi vinnubrögð því að nemendur þurfa að prófa sig áfram og reyna að skapa hluti innan heimsins til að útbúa lausnir í umhverfinu. Kennslan hefst því á kennaramiðuðu námi en þróast yfir í nemendamiðuð nám og er það afar athyglisverð nálgun að mínu mati. (<https://setberg.hi.is/is/kennsla/kennsluadferdir>)

Áhorfið hjá tíunda bekkjunum voru einnig verkefnatímar en þar var verið að samþætta námið með ensku. Verkefnið er byggt á réttindabaráttu litaðra einstaklinga en byrjun verkefnisins hófst í febrúar en þá er einmitt það sem kallast „black history month“ í Bandaríkjunum. Það er fjallað um sögufræga einstaklinga og viðburði í bæði ensku og samfélagsáfanganum en þær hafa skipulagt námið þannig að þær eru ekki að tala um sömu hlutina báðum megin og mismunandi áherslur eru á náminu. Í kennslunni í samfélagsfræði þá er aðallega nýtt hlaðvörp og kvikmyndir ásamt efni hannað af kennaranum þar sem fjallað er um baráttuna mikið frá sjónarhorni litaðra einstaklinga en ekki útgefnu námsefni. Í lokin er verkefnavinnan hönnuð sem hlaðvarpsgerð í hópavinnu þar sem hver og einn innan hópsins fær úthlutað hlutverk. Verkefnið skal unnið á ensku og er því notað til námsmats innan beggja námsgreinanna. Líkt og með áttunda bekk þá er unnið mikið með umræðuaðferðina í byrjun og kennslan þróast í aðrar aðferðir eða í þessu tilfalli verklegar æfingar þar sem má segja að framfærni í hlaðvarpi sé verkleg æfing sem er þjálfuð upp í undirbúningi, sjálfstæð skapandi viðfangsefni þar sem er unnið í hóp. Eins og með minecraft verkefni þá er kennarinn með lista af hæfniviðmiðum sem kennarinn metur sjálfur og leggur svo jafningja og sjálfsmat fyrir nemendurna sem ákvarða einkunnir í ákveðnum hæfniviðmiðum.

3.3.3 Skóli 3: viðtal við kennara

Kennarinn við skóla 3 segir að kennarinn sé komin með námsmat og verkefni í ákveðið jafnvægi núna eftir að það tók mjög langan tíma að aðlagast síðustu aðalnámskrá og segir kennarinn að vinnan á bakvið þróun kennsluefnis og námsmats að hæfniviðmiðunum hafi á tímabili verið við það að valda kulnun. Kennarinn segir að skólinn hafi verið mjög duglegur að hagnýta sér aðalnámskránnar en þó aðlaga þau mörg hæfniviðmið að starfsemi skólans til að gera væntingar til nemenda skýrari. Hæfniviðmiðin sem tengjast samfélagsgreinum eru þó þau sem eru minnst aðlöguð þrátt fyrir að vera hvað þau óskýrust í væntingum, Að sögn kennarans er það vegna vanda við að umorða þau á skýran máta og reynir kennarinn að útskýra fyrir þeim í upphafi námslotna og í upphafi verkefnavinnu hvað er verið að leitast eftir. Námsmat kennarans í samfélagsgreinakennslunni er fjölþætt þó áhersla sé á skapandi verkefni líkt og þau sem ég varð vitni af í áhorfinu, kennarinn fylgir áherslum aðalnámskránnar er varða námsmat og leyfir nemendum að sinna sjálfsmati og jafningjamati að auki sem kennarinn byggir kennsluna mikið á lýðræðisathöfnum. Reynsla kennarans þegar kemur að vali nemenda á kennsluna hjá kennaranum hefur ekki alltaf verið jákvæð og telur kennarinn frekar að val tímarnir eigi að sinna þeirri þörf að leyfa nemendum að hafa val því kennsla kennarans er byggð í samhengi við hvert annað. Kennarinn metur mörg hæfniviðmið huglægt því að mörgu leyti telur kennarinn sig ekki getað merkt við ákveðin atriði þar sem skoðanir einstaklinga og upplifun þeirra er mismunandi. Kennarinn tekur fram að það er ákveðin áskorun að vera ávallt í hlutlausu hlutverki við yfirferð og tekur fram að kennari þarf að vera í ákveðinni núvitund um mikilvægi hlutleysis þegar kemur að námsmati í samfélagsgreinum.

Námsumhverfið hefur breyst yfir síðasta rúmlega áratug eða svo að mati kennarans. Margar breytingar hafa orðið í samfélaginu og skólasamfélaginu meðal annars varðandi samfélagsmiðlanotkun, fjölmenningu, hvernig skólinn hefur þróast með tilkomu síðustu aðalnámskrár og breytingu á skólagöngu framhaldsskóla og háskólanema í kennaranámi. Samfélagsmiðlar hafa þróað að mati kennarans neikvætt umhverfi fyrir nemendur þar sem dónaskapur er orðinn ríkjandi og tillitsleysi til jafningja. Fjölmennig í skólum er áskorun fyrir kennara því þau þurfa að finna lausnir reglulega fyrir mismunandi nemendur án ákveðinnar leiðarlínu og veldur það erfiðleikum í úrlausnum. Kennarinn telur að mörgu leyti að hæfniviðmiðin og að meta hæfni með bókstöfum valdi því að nemendur nái ekki að skynja árangur að sama skapi og áður. Það virðist einnig vera að metnaður í náminu hafi tapað sér sem afleiðing að nemendur skynji ekki árangurinn og samanburðurinn á milli nemenda hafi minnkað, kennarinn tekur fram að það er ekkert endilega neikvætt því þá er stór nemenda

sem var alltaf í miðju kúrfunni ekki að upplifa sig á neikvæðan máta. Þegar kemur að skólagöngu þá telur kennarinn að nemendur á framhaldsskólastigi eru að keyra nám á of miklum hraða og þegar ungir leiðbeinendur sem eru í kennaranámi og stuðningsfulltrúar koma inn þá eru þau oft ekki tilbúin í umhverfið sem grunnskóli er.

3.3.4 Skóli 3: samantekt um skóla 3

Kennslan var afar áhugaverð þar sem greinileg nálgun frá kennaranum við áhorf og í samtali við kennarann er að nemendur þurfa að upplifa og setja sig í spor annarra og því greinileg áhersla á gagnrýna hugsun í þeim verkefnum sem kennarinn sýndi mér. Nemendur voru áhugasamir í verkefnunum og þegar ég spurði nemendur hvað þeim skemmtilegt í náminu þá sögðu að það er gaman að fá að útbúa hlutina sjálf líkt og hlaðvarpið en til að útskýra það frekar þá eru lagðar grunnlínur varðandi samskipti, virðingu og orðafar. Einnig eru lagðar línur um hvað er ætlast til af þeim varðandi efnisval en frelsið er þeirra hvernig þau nálgast það.

Kennsluaðferðir og námsmat samræmast því sem aðalnámskrá leiðbeinir um að mestu. Umræðuaðferðin var að sögn kennarans mjög virk í útlistunum því kennarinn leyfir nemendur að koma með spurningar og útdúra og reynir að halda flæðinu gangandi í stað fyrir að vera einungis að þylja upp tilbúinn texta. Kennarinn reynir að hafa jafningja og sjálfsmat í sem flestum verkefnum því kennarinn telur það byggja upp góða eiginleika í samskiptum að vera heiðarlegur við sjálfan sig og aðra. Að lokum er það heitasta ósk kennarans að það sem skilur eftir sig í kennslu er að nemendurnir skili að einstaklingar skapi samfélagið og því betri sem einstaklingarnir eru því betra samfélag búum við í.

4 Samantekt

Vettvangsheimsóknir mínar voru í þrjá mismunandi skóla í mismunandi bæjarfélögum. Ég hitti þar þrjá kennara á unglingsstigi sem voru með mismunandi bakgrunn í menntun og var einungis einn af þeim með B.Ed sem grunnnám fyrir kennsluréttindin. Skólarnir voru mismunandi og í mismunandi aðstæðum. Þrátt fyrir töluverðan mátti sjá ákveðin líkindi í nokkrum þáttum. Markmið allra kennaranna voru að efla nemendur sem þátttakendur í lýðræðissamfélagi og var ljóst að þrátt fyrir mismunandi nálgun á námsefni og kennsluaðferðum þá var það úthugsað til að aðlagast þeim aðstæðum sem hver skóli starfaði í. Áherslur skóla 1 voru á samvinnu nemenda með leiðsagnarnámi til að betrubæta gæði skila og efla félagstengsl. Áherslur skóla 2 voru að efla jákvætt hugarfar og virðingu til að koma til móts við fjölbreyttan bakgrunn einstaklinga. Áherslur skóla 3 voru að efla lýðræði og skapandi starf í samfélagsgreinakenntu sinni.

Kennararnir í skólunum þremur notuðu sömu kennsluaðferðir að mestu þó nálgunin og framkvæmdin á þeim væru mismunandi og tel ég það einmitt vera aðlögun þeirra að persónulegum einkennum þeirra. Umræðu og spurnaraðferðir, leitaraðferðir, útlistun og hópvinna voru greinilega þær aðferðir sem voru algengastar sem eru að mestu í samræmi við áherslur aðalnámskránnar og fyrri rannsóknir. Kennararnir allir byrjuðu oftast á útlistun sem þróaðist í umræðu og spurnaraðferðir. Það sem tók við fór eftir því hvernig verkefni voru unnin en oftast var leitast eftir hópvinnu. Það sem ég tók eftir er að í minni eigin kenntu sem starfandi leiðbeinandi er að þetta er mjög svipað því sem ég geri og er áhugavert að sjá að einstaklingar með mismunandi bakgrunna leitast ósjálfrátt í svipaðar aðferðir þrátt fyrir að vera einnig í mismunandi aðstæðum.

Námsefni kennaranna voru að mörgu leyti þau sömu en það voru útgefnar námsbækur frá menntamálastofnun en allir kennararnir nýttu sem dæmi bókina „Um víða veröld“ en enginn þeirra nýtti bókina á sama máta, allir voru búnir að aðlaga notkun hennar að kenntunni sinni og áherslum sínum. Einnig var mismunandi hvernig þeir nýttu tæknina sem námsefni allt frá myndbandakenntu yfir í notkun tækjabúnaðar til skapandi skila. Ég sjálfur sé fyrir mér að ef ég myndi einhvern tímann fara af miðstigskenntu í unglingsstigskenntu þá myndi ég sjálfur nýta mér mismunandi tækjabúnað sem hluti af samfélagsgreinakenntu.

Í skólunum var oftast borin virðing fyrir kennurunum og samnemendum nema þá helst í einum bekknum í skóla 2 og var það eina skiptið sem ég sá virkilega reyna á samskiptavanda í skólastofunni. Kennarinn í þeim efnum stóð sig mjög vel í krefjandi aðstæðum, kennarinn

hélt ró sinni en sýndi ákveðni og var hvetjandi í orðum og var dugleg að fylgjast með framgangi nemenda þótt nemendurnir voru ekki að sinna verkefninu sem skyldi. Kennarinn kom með hugmyndir að útfærslum og gerði sitt allra besta til að fá nemendur til að vera virkir þátttakendur í efninu. Hjá hinum kennurunum var sama aðferð notuð, kennarar fylgdust með vinnu nemenda og voru hvetjandi og hrósuðu fyrir vel unnin verk. Nemendurnir virtu athugasemdir og þróuðu vinnuna í samræmi við athugasemdir kennara. Einnig var sniðugt að sjá að flestir kennararnir beittu ákveðinni gulrót í lengri tímumum en ef nemendur voru duglegir gátu þau fengið umbun í lokin í formi Kahoot leiks, tónlistarmyndband og annarra smáhluta sem tóku ekki nema nokkrar mínútur.

Allir kennararnir voru sammála um að erfitt væri að nálgast námsmat í samfélagsgreinum og þótti þeim það jafnvel vera erfiðara með tilkomu hæfniviðmiðanna í síðustu útgáfu aðalnámskránnar. Í umræðu við aðra kennara úr öðrum námsfögum þá skildist mér á að það væri almenn skoðun kennara yfir höfuð að hæfniviðmið séu oft á tíðum flókin til námsmats og þá sérstaklega hæfniviðmiðin úr samfélagsgreina kaflanum. Tveir kennarana voru í þannig aðstæðum að þeir gátu aðlagð hæfniviðmiðin að kennslu þeirra á meðan þriðji gat ekki aðlagð vegna kröfu frá skólustjórnendum þótt kennarinn hefði viljað það sjálfur.

4.1 Umræða

Kennsla kennarana var afar blönduð miðað við áhorf. Meirihluti kennslutímanna var bein kennsla með umræðu sem ég tel vera blandaða aðferð við kennara og nemendamiðað en þó hallar meira á kennaramiðað. Þó miðað við niðurstöður rannsóknarinnar *kennsluhættir í grunnskólum* þá er ljóst að út frá viðhorfi og viðtölum þá er hærra hlutfall af nemendamiðuðum aðferðum nýtt í kennslu kennaranna samanber þá hópvinnu og leitaráferðir nemendanna sem um er rætt. (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014).

Samanborið við rannsóknir William B. Russell þá er ljóst að með töluverðri notkun á umræðu og spurnaraðferðum í bland við skapandi verkefni þá er unnið töluvert með gagnrýna hugsun í gegn um kennslubækurnar, það er í öndverðu meiði við niðurstöður William B. Russell en hann einmitt tekur fram að ólíkir kennsluhættir geta verið á milli landa (Russell, W.B., 2010). Kennararnir beittu sér allir að því að nota opnar spurningar út frá kennslubókunum þar sem nemendurnir áttu að tengja við fyrri kunnáttu og rökstutt skoðanir sínar. Er það til marks við grein Þorsteins Helgasonar um nytsemi kennslubóka við sögukennslu og gagnrýna hugsun (Þorsteinn Helgason, 2011)

Kennsluhættir eru í samræmi við rannsóknina þar sem kennararnir sem kenna allir á unglingsstigi kenna bekkjarhópum og bera meginábyrgðina sjálf á kennslunni. Kennarinn í skóla 1 sé þó með teymiskennara þá stýrir kennarinn sem ég fylgdist með kennsluefninu og aðferðunum þar sem hinir kennararnir kenna takmarkaða kennslutíma samanborið við kennarann í skóla 1 og fylgja leiðbeiningum kennarans.

Með öllum ofangreindum upplýsingum úr rannsókn minni og niðurstöðum fyrri rannsókna þá myndi ég segja að samfélagsgreinakennarar starfi á þann hátt unnið sé að því að efla rökhugsun nemenda til að auka skilning nemenda á því efni sem fyrir er lagt. Samræmi er að einhverju leyti í fyrri kennsluhátta rannsóknum þar sem bein kennsla er algengust en þó er unnið minna í vinnubókum og meira út frá hópavinnu og skapandi skilum samanborið við fyrri niðurstöður. Námsmat er þó ekki í samræmi við áherslur aðalnámskránnar þar sem oft er nefnt að hæfniviðmið í samfélagsgreinum sé hentugt til huglægs mat en kennarar miða langoftast námsmatið við verkefna afurðir þar sem þarf að mæta ákveðnum skilyrðum kennaranna. Þó er það einmitt í samræmi við viðmiðunar áherslur kenninga Ralph Tylers.

5 Lokaorð

Samfélagsgreinakennsla er margþætt og afar mikilvægur þáttur í skólagöngu nemenda. Það má segja að samfélagsgreinakennsla er viðloðandi alla námsþætti skólans en í öðrum námsgreinum erum við þátttakendur í samfélagi þar sem reglur ráða ríkjum. Í þessu umhverfi fáum við að tjá okkur og hafa áhrif á aðra í kring um okkur. Til að vera virkir þátttakendur í þessu umhverfi þurfum við að hafa ákveðinn bakgrunn sem nýtist okkur í því lýðræðissamfélagi sem við búum í. Kennsla samfélagsgreina er því mikilvægur þáttur í að fá nemendur til að vera virkir samfélagsþátttakendur. Samfélagsgreinar eru afar fjölþætt fag og því ljóst að víðsýni kennara þurfi að vera mikið og því gott að byggja grunninn á öflugri og fjölbreyttri menntun kennara sem þeir geta nýtt sér í kennsluna. Áherslur kennara virðast fylgja aðalnámskrá að mestu og fylgja kennarar kenningum Dewey og Piaget líkt og Tyler leggur upp með í námskráfræðum sínum.

Þar sem samfélagsgreinar snúast um samfélag og lýðræði er nokkuð mikilvægt að nútímamálefni séu hluti af kennslunni. Kennararnir í áhorfi voru allir með verkefni yfir önnina sem tengir nútímann við söguna og því ljóst að samfélagsgreinakennarar eru meðvitaðir um mikilvægi nútímans. Kennarar þurfa að vera reiðubúin í að breyta öllu námsskipulagi sínu til að aðlaga sérstökum aðstæðum inn í kennsluna sína. Nýlegir atburðir eins og innrás Rússlands í Úkraínu, átök Ísraels og Palestínu ásamt samfélagsáhrifum eldgossins hjá Grindavík eru allt dæmi um atvik sem hafa breytt áherslum margra samfélagskennara í kennslu hjá sér. Það sem ég tel mikilvægast í kennaranámi er að hafa opinn huga og vera tilbúinn að öðlast nýja þekkingu til að nýta í kennslu. Það græða allir á því hvort heldur sem er kennarar eða nemendur.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Mennta og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar. 1976. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. 2006. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar. 2007. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007. Menntamálaráðuneytið.

Atli Harðarson. (2019). *Tvímælis: Heimspeki menntunar og skólakerfi nútímans*. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. https://netla.hi.is/serrit/2019/tvimaelis_heimspeki/01.pdf

Enn betri skóli. Þeirra réttur – okkar skylda. 1998. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. Aldar*. Háskólaútgáfan.

Ingvar Sigurgeirsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011, 31. janúar). Hver er Wolfgang Edelstein og hvað hefur hann lagt af mörkum til menntavísinda og skólamála hér á landi? *Vísindavefurinn*. <http://visindavefur.is/svar.php?id=58241>

Menntamálaráðuneytið. Kynning á drögum að aðalnámskrá grunnskóla. (1988).

Loftur Guttormsson, Ólafur Rastrick, Ólöf Garðarsdóttir, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson, Hlynur Ómar Björnsson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Rósa Eggertsdóttir, Rúnar Sigþórsson, Bragi Guðmundsson, Guðmundur Hálfðanarson og Þórunn Blöndal. (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. Háskólaútgáfan.

Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskylduáldri. 1960. Menntamálaráðuneytið.

Russell, W.B. (2010). Teaching social studies in the 21st century: A research study of secondary social studies teachers' instructional methods and practices. *Action in teacher Education*, 32(1), 65-72. <https://doi.org/10.1080/01626620.2010.10463543>

Setberg. (e.d.). *Að skrifa hæfniviðmið*. <https://setberg.hi.is/is/kennsla-haefnividmid/ad-skrifa-haefnividmid>

Setberg. (e.d.). *Kennsluáðferðir*. <https://setberg.hi.is/is/kennsla/kennsluadferdir>

Tyler, Ralph W. (1971). *Basic principles of curriculum and instruction*. Chicago :University of Chicago Press.

Þorsteinn Helgason. (2011). *Kjölfesta eða dragbítur? Gagnrýnin hugsun og kennslubækur í sögu*. Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. <https://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/005.pdf>